

Myndbandið “Beit – allra hagar!”

Vísbendingar og ítarefni

Markmiðið er að miðla eftirfarandi þáttum:

- hvað er beit yfir höfuð
- helstu beitardýrin á Íslandi
- ólíkar “beitaraðferðir” mismunandi tegunda
- beit sem hringrás – og jafnvel meira
- samspil á milli grasbíta og graslendis
- dæmi: sumarbeit sauðfjár á fjalli
- hvaða áhrif hefur beit

Í mörgum Evrópulöndum borgar ríkið bændum fyrir “þjónustuna” við að beita viðkvæm, en vistfræðilega mikilvæg svæði. Hins vegar er hrossa- og sérstaklega sauðfjárbeit hér á landi umdeild: Ofbeit á sumum svæðum á seinni helmingi 20. aldar, þegar loftslagið var talsvert kaldara (hafísárin o.s.frv.) og stofnstærð íslensku sauðkindarinnar var nærri þrefalt meiri en í dag, valdi hjá sumum þeim misskilningi að sauðfjárbeit eyðileggi alltaf allan gróður. Það gagnstæða er rétt ef um passlega beit er að ræða: Graslendi og grasbítar saman mynda vistkerfi, sem þróaðist í 20 til 30 milljónir ára. Beit er beggja hagar. Og þar með hagar íslenska samfélags alls.

Myndbandið upplýsir um þetta samspil á einfaldan hátt en áhugasamir geta kafað talsvert dýpra – dæmi um ítarefni neðar. Sérstaklega Anna Guðrún Þórhallsdóttir, prófessor við Landbúnaðarháskóla Íslands, hefur rannsakað þessi mál í mörg ár á vísindalegan hátt.

Meira um efnið:

- Greinin “Beitarplöntur og áhrif þeirra á bragðeiginleika” eftir Sigurð Mór Sigurðarson: bbl.is/media/1/timarit-baendabladsins-2016-lr---20-02-2016--21.15.pdf (bls. 71)
- Ritgerðin „Áhrif hrossabeitar á vöxt, útlit og lifun birkis“ eftir Lilju Magnúsdóttur (2010): hdl.handle.net/1946/7934
- Greinin “Lággróður betri en skógur til kolefnisbindingar sé horft til lengri tíma” eftir Ragnar Jón Hrólffsson (2024): www.ruv.is/frettir/innlent/2024-08-18-laggrodur-betri-en-skogur-til-kolefnisbindingar-se-horft-til-lengri-tima-419743
- Fyrirlestur “Graslendi, sauðfjárbeit og kolefnisbinding” eftir Önnu Guðrúnu Þórhallsdóttur (kynning á opnum fagráðsfundi í sauðfjárrækt 28. febrúar 2020): www.youtube.com/watch?v=ToyKrqB0vt0

Framhald sjá næstu blaðsíðu!

Tillögur að spurningum eftir að hafa horft á myndbandið:

- Beitardýr á Íslandi – hvaða dæmi detta ykkur í hug?
- Éta kindur eingöngu gras?
- Ef þið berið saman sláttuvél og sauðkind – hvaða munur er á þeim?
- Eru færri plöntutegundir á landi sem er beitt en á því sem er friðað?
- Hvað gerist ef gras er hvorki bitið né slegið?
- Er hægt að koma í veg fyrir sinubruna?
- Þurfa bændur í útlöndum að borga ríkinu ef þeir vilja nota beutiland?
- Hvaða plöntur binda meira kolefni: grasplöntur eða trjáplöntur? Af hverju?
- Hvernig er það heima hjá þér – eru til dæmi um graslendi sem er með mikið af sinu (“gulu grasi”)? Væri hægt að nota beitardýr þar? Ef já, hvaða dýr til dæmis? Ef nei, af hverju ekki?

Ertu með athugasemdir eða spurningar? Hafðu samband: forvitni@forvitni.net